

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til 30. nóvember 1982.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til 30. nóvember 1982:

### Vélskelflett rækja:

#### Færri en 350 stk. í lbs.:

	SDR pr. lbs. cif.
Blokkfryst .....	2,61
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst .....	2,61
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst .....	2,74
500 gr vatnshúðuð, sérfryst .....	3,04
200 gr vatnshúðuð, sérfryst .....	3,19

#### Fleiri en 350 stk. í lbs. og óflokkuð:

Blokkfryst .....	2,49
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst .....	2,49
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst .....	2,61
500 gr vatnshúðuð, sérfryst .....	2,89
200 gr vatnshúðuð, sérfryst .....	3,04

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 15. október 1982.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir söltuð þorsflök framleidd á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst 1982 annars vegar og 1. september til 30. nóvember 1982 hins vegar.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir söltuð þorsflök framleidd á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst 1982 annars vegar og 1. september til 30. nóvember 1982 hins vegar:

**Söltuð þorsflök:**

	\$ pr. lest cif.
Flokkur A 700/up	3 850,00
Flokkur A 400/700	3 650,00
Flokkur A 200/400	3 450,00
Flokkur A 100/200	3 050,00
Flokkur B 700/up	3 400,00
Flokkur B 400/700	3 200,00
Flokkur B 200/400	2 800,00
Flokkur B 100/200	2 400,00

Verðbil verður 2% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.  
Greiddslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrögnum verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 18. október 1982.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 327 21. júní 1982, um friðunarsvæði við Ísland og um sérstakt línusvæði út af Melrakkaslétu.**

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi 2. mgr. 1. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 327 21. júní 1982, um friðunarsvæði við Ísland.

2. gr.

Á tímabilinu 1. nóvember 1982 til 31. janúar 1983, eru allar togveiðar bannaðar á svæði út af Melrakkaslétu, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

- |    |           |           |
|----|-----------|-----------|
| a. | 66°59'6 N | 15°53'5 V |
| b. | 67°06'8 N | 15°50'5 V |
| c. | 67°00'4 N | 15°37'5 V |
| d. | 67°07'4 N | 15°34'0 V |

3. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. nóvember 1982 og birtist til eftirbreynti öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 20. október 1982.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*